

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Tjarnargata 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2024

Efni: Umsögn FÍN vegna 832. máls. Brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra hefur lagt fram frumvarp að lögum um brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefndar um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, sbr. þingskjal 1250 – 832. mál.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) lagði fram umsögn um fyrirhugaða sameiningu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Háskólans á Akureyri – mál nr. S-22/2024, sbr. meðfylgjandi bréf, dags. 12. febrúar 2024, sem m.a. er fjallað um í greingerð með fyrrgreindu frumvarpi að lögum. Félagið vísar til og ítrekar það sem fram í þeirri umsögn greinir.

Að meginstefnu er frumvarp að lögnum efnislega hið sama og það skjal er lá fyrir á fyrri stigum, þó réttilega er að finna minniháttar breytingar á ákvæði til bráðabirgða er varðar flutning núverandi starfsfólks Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til Háskólans á Akureyri. Þónokkur breyting er þó á umfjöllun um ákvæði til bráðabirgða sem skýrir betur hvernig framkvæmd skuli haga, sem FÍN þykir til mikilla bóta.

Aftur á móti er ekki tekið af skarið hvað varðar námsleyfi, mögulegan lengdan uppsagnarfrest á grundvelli starfsaldur og meðferð áunnins og ónýttts orlofs fram að yfirfærslu til Háskólans á Akureyri. Að virtri umfjöllun um ákvæði til bráðabirgða, að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á kjör eða réttindi starfsfólks, þykir líklegt að ætlunin sé að það eigi við um öll réttindi, þ. á m. ofangreind. Sé löggjafa alvara að standa við þau orð sem koma fram í greinagerð þá ætti að koma skýrt fram í ákvæði til bráðabirgða hvernig sé farið með slík réttindi sem og að áunnið og ónýtt orlof flytjist yfir með yfirtöku ráðningasamninga en ekki komi til uppgjör á slíku. Komi slíkt ekki skýrt fram í texta hinna fyrirhugaðra laga þá er ekki á vísan að róa hvernig endanleg framkvæmd mun verða, sem leiðir aftur til óskýrleika og mögulegrar hræðslu og óvissu um sína stöðu þ. á m. um mögulega kjaraskerðingu.

Að framangreindu virtu leggur FÍN til að ákvæði til bráðabirgða verði orðað með eftirfarandi hætti:

Starfsfólk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar sem er í starfi við gildistöku laga þessara verður starfsfólk Háskólans á Akureyri með sömu ráðningarkjörum og áður giltu og tekur Háskólinn á Akureyri við öllum skuldbindingum gagnvart starfsfólki Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, þ. á m. orlofskuldbindingum. Starfsfólk skal halda réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningnum þar sem miðað er við samfelld starf hjá sömu stofnun. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

FÍN ítrekar sérstaklega ábendingar félagsins, er komu fram í umsögn frá 12. febrúar 2024, er varðar gildi stofnanasamninga og nauðsyn gerð slíks hjá undirliggjandi stéttarfélögum við Háskólann á Akureyri.

Í ljósi mikilvægi samráðs þá óskar FÍN eftir að koma á fund nefndarinnar og ræða umsögn félagsins, koma á framfæri frekari skýringum og upplýsingum sem og fyrirbyggjandi lagafrumvarp.

Virðingarfyllst f.h.

Félags íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir



Runólfur Vigfússon, hdl.

Hjálagt:
Umsögn FÍN, dags. 12. febrúar 2024